

Upplýsingar varðandi Carbimazole og Propylthiouracil

Carbimazole (CMZ) er virka efnið í sérlyfinu Neo-Mercazole® (annað sambærilegt lyf er eða Propylthiouracil eða PTU). Þessi lyf eru notuð til þess að stjórna ofvirkni í skjaldkirtli og kann þér að hafa verið ávísað öðru hvoru lyfinu í þeim tilgangi. Aukaverkanir eru óalgengar og lyfin eru örugg svo framarlega sem þú ferð eftirfarandi fyrimælum:

Einstaka sinnum getur CMZ eða PTU haft áhrif á framleiðslu hvítu blóðkornanna eða blóðflaganna (blóðflögur gegna hlutverki í myndun blóðstorku). Ef þetta gerist er nauðsynlegt að hætta strax notkun CMZ (eða PTU) og mun þá framleiðsla hvítu blóðkornanna og/eða blóðflaganna komast í eðlilegt horft.

Þessar aukaverkanir eru skammtaháðar og eru óalgengar ef notað er innan við 60 mg af CMZ á dag. Almennt er talað um að 1:1000 - 1:3000 sem tekur ofangreind lyf eigi á hættu að fá ofangreindar aukaverkanir.

Fyrsta merkið um það að ofangreind lyf gætu hugsanlega verið að hafa áhrif á hvítu blóðkornin eru hálssærindi, sár í munni (óvenjulegt munnangur), marblettir við engan/lítinn áverka, eða útbrot sem hverfa ekki þegar þrýst er á þau. Oft fylgir einnig hár hiti og almennur slappleiki ef fækkun verður á hvítum blóðkornunum.

Ef þú verður var/vör við óvenjuleg hálssærindi, sár í munni, óvenjulega marbletti eða útbrot, sérstaklega ef fylgir almenn vanlíðan og hiti, ættir þú strax að hætta að taka CMZ (eða PTU). Þú þarf að koma þér í samband við lækni án tafar. Náir þú ekki í þinn eigin lækni skaltu prenta þetta skjal út og koma með það á bráðadeild næsta sjúkrahús. Þá verður tekin blóðprufa til mats á fjölda hvítu blóðkornanna.

Auðvitað er hálsbólga, hálssærindi, munnangur og útbrot með kláða mjög algeng og það er að sjálfsgöðu langlíklegast að þetta sé ekki vegna CMZ (eða PTU). Hins vegar er eina ráðið til að vera viss að taka blóðprufu og mæla fjölda hvítu blóðkornanna.

Þetta á sérstaklega við um ef fylgir hár hiti þá þarf að koma sér til læknis án tafar.

Dr. Rafn Benediktsson september 2001